

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna verðmunar sem hann segir vera á matseðli á vefsíðu og matseðli í sal á veitingahúsi sem rekið er af Y. Segir álitsbeiðandi að hann og fjölskylda hans hafi skoðað matseðil veitingahússins á vefsíðu þess og það hafi leitt til ákvörðunar þeirra um að borða á því veitingahúsi. Þegar á staðinn var komið kom hins vegar í ljós að verð á matseðli í sal voru hærri en þau verð sem gefinn höfðu verið upp á vefsíðunni. Telur álitsbeiðandi um lögbrot að ræða og krefst þess að veitingahúsið endurgreiði sér mismuninn; kr. 2.040.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um verðmerkingu á söluvöru. Um verðmerkingar söluvöru o.fl. gilda lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 17. gr. laganna. Á grundvelli þeirra laga hefur og verið settar reglur nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður